

Föstudagur 2. júní 1967.

Nr. 176/1965. **Ásmundur h/f**

(Benedikt Blöndal hrl.)

gegn

Silfurborgu h/f og

dánarbúi Jóns B. Hjaltalíns

(Sveinn Snorrason hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómarnir Gizur Bergsteinsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson og **prófessor** Magnús P. Torfason og Guðmundur Jónsson borgardómari.

Um gildi samnings.

Dómur Hæstaréttar.

Pétur Gautur Kristjánsson, fulltrúi bæjarfógetans á Siglufirði, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. október 1965, að fengnu áfrýjunarleyfi 15. september s. á. Gerir hann þær dómkröfur, að afsal Jóns heitins B. Hjaltalíns til stefnda Silfurborgar h/f, dags. 22. júní 1961, „verði dæmt ógilt, að því er varðar helming fasteignanna Hjaltalínsreita 1 og 2 á Siglufirði, þar með talin lóðarréttindi, hús, bryggjur og önnur mannvirki, svo og helming í söltunaráhöldum þeim, er í afsali þessu greinir“. Þá krefst hann og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Jón B. Hjaltalín lézt 6. janúar 1965. Hefur dánarbú hans komið í hans stað.

Stefndu krefjast staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Kaup- og starfrækslusamningur sá, sem áfrýjandi reisir kröfur sínar í máli þessu á, var gerður 9. apríl 1953, og var undirritaður af Jóni B. Hjaltalín sem seljanda og af þeim Júlíusi Þórðarsyni og Jóni Árnasyn pr. pr. Ásmundur h/f sem kaupanda. Hljóðar hann svo:

„1. Jón Hjaltalín selur Ásmundi h/f hálfa síldarsöltunarstöð sína, svonefndan Hjaltalínsreit No. 1 og 2 á Siglu-

firði. Öll hús, bryggjur, söltunaráhöld, ásamt öllu múro- og naglföstu fyrir umsamið verð, kr. 96.000.00 — níu tíu og sex þúsund krónur — er greiðist sem hér segir: Ásmundur h/f tekur að sér greiðslu að hálfu á skuldum við Útvegsbanka Íslands h/f, Siglufirði, sem tryggðar eru með 1., 2. og 3ja veðrétti í hinni seldu eign, samtals að upphæð kr. 150.000.00 — eitt hundrað og fimm-tíu þúsund krónur —. Eftirstöðvarnar, kr. 21.000.00, hefur kaupandi þegar greitt, og gengu þær til greiðslu á framlengingarkostnaði vegna lánanna við Útvegsbanka Íslands h/f, brunabótagjöldum, fasteignagjöldum og atvinnurekstrargjöldum.

2. Verði söltunarstöðin starfrækt á komandi sumri, skal það gert sameiginlega af báðum aðilum, og reiknast ekkert gjald fyrir afnot af stöðinni, fyrr en allur reksturarkostnaður vegna síldarsöltunarinnar hefur fengið greiddur af rekstrinum. Það, sem umfram kann að verða, skiptist að jöfnu.
3. Jóni Hjaltalín heimilast að endurgreiða fyrir 31. des. n. k. þær kr. 21 þúsund ásamt vöxtum og kostnaði af þeirri upphæð, er að framan getur, og er þá samningur þessi úr gildi fallinn. Að öðrum kosti er Ásmundur h/f eigandi samkv. samningi þessum“.

Áfrýjandi telur, að Jón B. Hjaltalín hafi eigi endurgreitt þær kr. 21.000.00 ásamt vöxtum og kostnaði, sem getur í 3ja tölulið samningsins, og hafi áfrýjandi því orðið eigandi nefndrar söltunarstöðvar hálftrar samkvæmt beinum orðum samningsins. Jón B. Hjaltalín kvaðst hafa rekið söltunarstöðina árin 1953 og 1954 í félagi við áfrýjanda. Hafi framkvæmdarstjórnarlaun sín verið kr. 81.000.00 þessi ár og áfrýjandi átt að greiða helming þeirra, kr. 42.000.00, og hafi sú fjárhæð gengið til skuldajafnaðar við kröfur áfrýjanda, þ. á m. „kr. 21.000.00 skv. áðurgreindum kaupsamningi“. Hins vegar hefur áfrýjandi talið nefnda fjárhæð með kostnaði, kr. 21.136.00, Jóni B. Hjaltalín til skuldar á reikningum sínum á þeim tímum, er hér skiptir máli. Þá hefur áfrýjandi

ekki talið hálfa söltunarstöðina fram til skatts sem sína eign, a. m. k. ekki fram til 1960.

Samkvæmt gögnum málsins, þ. á m. vottorði Útvegsbanka Íslands h/f, dags. 13. ágúst 1963, er í ljós leitt, að áfrýjandi innti eigi af hendi greiðslu þeirra víxilskulda, er hann samdi sig undir samkvæmt 1. tl. kaup- og starfrækslusamningsins. Árið 1961 tók stefndi Silfurborg h/f að sér greiðslu víxilskulda þessara.

Hinn 25. maí 1959 gerðu þeir Jón B. Hjaltalín, Björn Þórðarson, áfrýjandi og Fiskiver h/f samning um sameiginlega sildarsöltun á svonefndri Hjaltalínsstöð á Siglufirði sumarið 1959. Hinn 4. júní 1960 sömdu þeir Jón B. Hjaltalín, áfrýjandi, Fiskiver h/f og Jón Gíslason um sameiginlega sildarsöltun á sömu söltunarstöð sumarið 1960. Í báðum þessum samningum er Jón B. Hjaltalín talinn „eigandi Hjaltalínsstöðvarinnar“ og honum áskilin leiga fyrir afnot stöðvarinnar. Undir fyrri samninginn er ritað m. a. pr. Ásmundur h/f Jón Árnason og undir hinn síðari pr.pr. Ásmundur h/f Júlíus Þórðarson.

Áfrýjandi lét hinn 23. apríl 1960 þinglýsa áðurnefndum kaup- og starfrækslusamningi frá 9. apríl 1953. Eigi verður séð, að hann hafi kafið um afsal fyrir þann tíma.

Eins og kaup- og starfrækslusamningnum frá 9. apríl 1953 var háttað, verður að telja, að hátterni fyrirsvarsmanna áfrýjanda, sem að framan er lýst, hafi leitt til niðurfalls þess réttar, sem áfrýjandi hefur átt samkvæmt honum.

Rétt þykir, að áfrýjandi greiði stefndu kr. 40.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Ásmundur h/f, greiði stefndu, Silfurborgu h/f og dánarbúi Jóns B. Hjaltalíns, kr. 40.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Siglufjarðar 15. ágúst 1964.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 27. febrúar s.l., hefur Jón Árnason, alþingismaður á Akranesi, höfðað fyrir bæjarþinginu í nafni stefnanda, Ásmundar h/f, Akranesi, með stefnu, útgefni 9. desember 1961 og birtri 11. s. m., gegn Silfurborgu h/f, Siglufirði, og Jóni B. Hjaltasyni, útgerðarmanni s. st., til ógildingar afsali, útgefnu 22. júní 1961 af stefnda Jóni B. Hjaltalín, til hins stefnda hlutafélags svo og til greiðslu málskostnaðar in solidum.

Stefndu hafa krafizt sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Málavexti kveður stefnandi vera þessa:

Hinn 22. júní 1961 afsalar stefndi Jón Hjaltalín fasteignunum Hjaltalínsreitum I og II, sildarsöltunarstöð, Siglufirði, til hins stefnda félags. Afsalinu er þinglýst hinn 18. ágúst s. á. Afsal þetta telur stefnandi ólögmætt og óskuldbindandi gagnvart sér, með því að stefnandi hafi árið 1953 gerzt lögmætur eigandi að helmingi framangreindra eigna, en sala þessi hafi farið fram án vitundar hans og samþykkis.

Fram hefur verið lagt (sem dskj. nr. 3) samrit skjals þess, er stefnandi byggir stefnukröfur sínar á. Er hér um að ræða svo nefndan kaup- og starfrækslusamning, dags. 9. apríl 1953, þar sem stefndi Jón kveðst í 1. grein selja stefnanda hálfu söltunarstöð sína, Hjaltalínsreiti I og II á Siglufirði, ásamt tilheyrandi fyrir kr. 96.000.00. Þar segir, að kaupverðið greiðist svo, að stefnandi taki að sér greiðslu að hálfu á skuldum við Útvegsbanka Íslands h/f, Siglufirði, tryggðum með 1., 2. og 3. veðrétti í umræddri eign, alls að fjárhæð kr. 150.000.00. Eftirstöðvarnar er sagt, að stefndi hafi greitt, þ. e. kr. 21.000.00, en sú fjárhæð hafi gengið til greiðslu á framlengingarkostnaði vegna lánanna við Útvegsbanka Íslands, brunabótagjöldum og atvinnurekstrargjöldum.

Í annari grein ræðir svo um starfrækslu stöðvarinnar á komandi sumri, en í 3. grein er loks ákvæði um, að stefnda Jóni heimilist að endurgreiða fyrir næstu áramót „þær kr. 21 þúsund ásamt vöxtum og kostnaði af þeirri upphæð, er að framan getur“, og sé samningur þessi þá úr gildi fallinn, ella sé stefnandi eigandi.

Samningi þessum var síðan þinglýst af hálfu stefnanda rúmum 7 árum síðar, eða hinn 23. apríl 1960.

Fyrir því er samningsins getið með athugasemd við þinglýs-

ingu afsalsins til stefndu Silfurborgar h/f, en í sjálfu meginmáli þess skjals getur nefndur Jón um samning þennan, sem þá hafði verið þinglesinn fyrir ári, en lýsir jafnframt því álit, að hann sé ekki lengur í gildi, enda hafi hann verið skilyrðum bundinn. Í afsalinu (sem er óundirritað til samþykkis af Silfurborgar hálfu) kveður Jón kaupandann (þ. e. h/f Silfurborgu) taka við öllum réttindum og skyldum skv. samningnum við h/f Ásmund. Að lyktum er því lýst yfir í afsalinu (dskj. nr. 4, sbr. dskj. nr. 12, bls. 6), að kaupverðið sé að fullu greitt, að kaupandi hafi m. a. yfirtekið áhvílandi skuldir og Silfurborg h/f að lokum lýst réttur og löglegur eigandi umræddrar eignar með venjulegum clausulis.

Á veðbókavottorði, framlögðu af stefnanda í ljósriti (dskj. nr. 6), útg. 13/5 '61, eða skömmu eftir þinglýsingu áður nefnds afsals, er söltunarstöðin, það er „eignin Hjaltalínsreitur I og II (síldarsöltunarstöð) m. öllum mannvirkjum“ lýst eign Jóns Hjaltalíns, Siglufirði, samkvæmt 2 afsalsbréfum. Þar er þinglýsingar kaupsamningsins (þ. e. „kaup- og starfrækslusamnings“) getið, en tekið fram, að afsal sé óþinglesið. Loks getur kvaðar vegna forkaupsréttar, sem síðar verður vikið að.

Er ofangreint veðbókavottorð er útgefið, hvíla á eigninni skv. því kr. 150.000.00 á 1. og 2. veðrétti skv. 3 veðbréfum til Útvegsbanka Íslands, Siglufirði, og með 3. veðrétti kr. 376.000.00 skv. (tveim) veðbréfum frá 22. 10. 1951 til Ásmundar h/f, Akranesi, þ. e. stefnanda í málinu. Eftir því sem bezt verður séð af gögnum málsins, hvíla þannig við útgáfu vottorðsins nákvæmlega sömu skuldir á eignunum og á þeim hvíldu við undirritun kaup- og starfrækslusamnings.

Næst skeður það í málinu, að mánudaginn 16. október 1961 kemur í skrifstofu bæjarfógeta á Siglufirði stjórnarformaður h/f Silfurborgar, Vigfús Friðjónsson, og afhendir til þinglýsingar handhafaskuldabréf að fjárhæð kr. 975.000.00, tryggt með 4. veðrétti í umræddri söltunarstöð (hér eftir nefnd „stöðin“). Mun firmað hafa fengið vilyrði fyrir bankaláni út á veð þetta til viðhalds og endurbyggingar og rekstrar stöðvarinnar á komandi vertíð. Kemur nú í ljós, að einungis 2 dögum áður, eða hinn 14. október, hefur verið mótttekið til þinglýsingar og þinglesið sama dag tryggingarbréf (allsherjarveð) með sama (þ. e. 4.) veðrétti og í sömu stöð, útgefið af stefnanda, Ásmundi h/f, til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu með vöxtum og kostnaði á hvers konar skuldum, sem útgefandi nú eða síðar, á hvaða tíma sem er, kann að standa í við Landsbanka Íslands, Reykja-

vík, hvort heldur víxilskuldir eða víxilábyrgðir, yfirdráttar-skuldir eða aðrar skuldir, þ. m. t. ábyrgðir bankans útgefandans vegna, samtals að fjárhæð kr. 600.000.00.

Tekið er fram í bréfinu, að réttur útgefanda til stöðvarinnar hvíli á umræddum kaupum, þ. e. kaup- og starfrækslusamningi um stöðina hálfa, „en afsali hafi“ ekki „verið þinglýst“.

Svo virðist sem láðst hafi að setja athugasemd á bréf þetta við þinglýsingu þessa varðandi skort á eignarheimild útgefanda, en eigi hefur stefnandi reist neinn rétt á þeirri vangá.

Bréfi þessu (framlögðu í endurriti sem dskj. nr. 7) hafði áður verið þinglýst á heimilisvarnarþingi útgefanda.

Er stjórnarformaðurinn komst að raun um, að eigi fengist athugasemdalaus þinglýsing handhafabréfsins á 4. veðrétti, dró hann beiðni sína um þinglýsinguna til baka að sinni. En hinn 20. s. m. berst bæjarfógetaembættinu bréf frá h/f Silfurborgu ásamt fylgiskjölum, er með fylgdi formleg kæra félagsins á hendur h/f Ásmundi „fyrir athæfi þetta“ og þess krafizt m. a., að hinir seku verði látnir sæta refsingu, en þess einnig krafizt, að „veðlýsingin“ verði „afmáð úr bókum embættisins með undan-gengnum dómi“. Í bréfinu, sem er eins konar greinargerð kær-unnar, en ritað á undan, er enn fremur krafizt athugasemda-lausrar þinglýsingar handhafabréfsins á 4. veðrétti að undan-genginni útstrikun hins „ólöglega“ bréfs Landsbankans (þ. e. 600 þús. kr. bréfsins) úr veðmálabókum og tafarlausrar ógild-ingar þess. Til vara er krafizt afhendingar andvirðis 600 þús. kr. lánsins, með því að hér hafi verið um að ræða stofnlánadeildar-lán, sem um hafi verið sótt af fyrrverandi eiganda stöðvarinnar, Jóni B. Hjaltalín, en afsalað til kæranda samkvæmt samningi, dags. 1. 7. 1961. Kröfur þessar hefur stefnda Silfurborg þó eigi haft uppi í einkamáli, enda þótt lögmaður hennar hafi í grein-argerð sinni í máli þessu (dskj. nr. 17) áskilið sér rétt til að gera gagnkröfur svo og varakröfur með eða án gagnstefnu.

Í greindum skjölum er að því látið liggja, að „ókunnur aðili“, sennilega stefnandi í máli þessu, hafi framið ólöglegt athæfi, sem fólgið sé í því að láta þinglýsa afgömlum, úr gildi föllnum kaup-samningi í þeim tilgangi að geta síðan veðsett eignina og fengið lán út á hana í Landsbankanum, eins og komið sé á daginn. Með því að aðili þessi hafi enga heimild til að veðsetja eignir félags-ins, sé hér um varhugavert atferli að ræða samhliða því að tor-velda þinglýsingu skuldabréfs þess, er félagið hugðist nota til lántöku. Hafi þetta í för með sér, að hætta verði framkvæmdum

við endurbyggingu söltunarstöðvarinnar. Þar við bætist, að lánið út á allsherjarveð þetta með tryggingu í söltunarstöð á Siglufirði hafi verið fengið til þess að greiða „óreiðuskuldir á Suðurlandi“.

Þá er og veitt að Landsbanka Íslands fyrir að tekið sé gott og gilt, að „ókunnur aðili við Faxaflóa“ „fái peningalán út á eignir manna í öðrum landshlutum“, ekki hirt um, hvort löglegar og nægar tryggingar séu fyrir eða hvort andvirði bréfa fari í réttar hendur, en jafnframt sé kæranda valdið ófyrirsjáanlegum skaða. Er loks að því látið liggja, þar eð því verði eigi trúað að óreyndu og án rannsóknar, að bankastjórar ríkisbanka geri sig seka um svo tortryggilegt athæfi, að líta verði á mál þetta allt sem „mistök“ af hálfu viðkomandi starfsmanna stofnunarinnar og án vitundar ábyrgra aðilja.

Kærunni og bréfinu fylgdu síðan 4 fylgiskjöl því til sönnunar, að Jón B. Hjaltalín hefði einn verið löglegur eigandi stöðvarinnar allrar alla tíð frá 1953 og fram að afsalinu 1961: Kaup- og starfrækslusamningurinn (dskj. nr. 3 í máli þessu) í ljósríti og auk hans ljósrít af viðskiptareikningi Jóns B. Hjaltalíns frá h/f Ásmundi, er sýni, að kaup- og starfrækslusamningurinn hafi verið felldur úr gildi um hálfum mánuði eftir undirritun hans, og tvenn ljósrít af leigusamningnum milli stefnda Jóns annars vegar og stefnanda í máli þessu o. fl. aðilja hins vegar um stöðina, gerðum eftir undirritun kaup- og starfrækslusamningsins, þar sem stefndi Jón sé glögglega greindur „eigandi Hjaltalínsstöðvarinnar“, þ. e. umræddrar stöðvar.

Skjöl þessi hafa verið endurframlögð í máli þessu sem dskj. nr. 9, 10 og 11.

Dskj. nr. 9 kemur síðar við sögu, en dskj. nr. 10 og 11 eru í aðalatriðum efnislega samkynja með þeirri undantekningu, að í stað Björns Þórðarsonar, Siglufirði (dskj. nr. 10), árið 1959 kemur Jón Gíslason, Hafnarfirði (dskj. nr. 11), árið 1960 inn í félagsskap, sem að öðru leyti er myndaður af stefnda Jóni, stefnanda (h/f Ásmundi) og Fiskiveri h/f á Akranesi. Félagsskapur þessi í heild gerir þarna samning við stefnda Jón, sem er í báðum tilfellum nefndur „eigandi Hjaltalínsstöðvarinnar“, sem áður segir, um leigu á margræddri stöð til síldarsöltunar til eins árs í senn. Þá er stefnda Jóni, sem í báðum tilfellum er ráðinn matsmaður og framkvæmdastjóri, veitt mjög viðtækt umboð í síðari samningum til hvers konar skuldbindinga í nafni félagsskaparins í heild, þ. á m. til veðsetninga afurða og tækja og til ávísana á inneignir o. fl.

Að svo vöxnu var mál þetta — kæra á hendur fyrirsvarsmönnum Ásmundar h/f, þeim Jóni Ágústi Árnasyni, Ólafi Frimanni Sigurðssyni og Júlíusi Þórðarsyni, fyrir veðsvik — tekið til rannsóknar fyrir sakadómi Siglufjarðar. Hófst rannsóknin þar hinn 26. október 1961 og stóð yfir til 5. marz 1962, en í desembermánuði 1961 höfðu farið fram yfirheyrslur fyrir sakadómi Akraness. Endurrit rannsóknaðar þessarar hafa verið lögð fram hér fyrir dómi sem dskj. nr. 12 og 13.

Vigfús Friðjónsson, stjórnarformaður stefndu Silfurborgar og kærandi sakadómsmálsins, kom fyrir dóm hinn 28/10 og sætti yfirheyrslum þann dag allan og þegar aftur næsta virkan dag, eða hinn 30. s. m., og stóðu yfirheyrslur þá einnig til kvölds. Hinn 30. okt. kom og fyrir dóm Árni Friðjónsson, framkvæmdastjóri og stjórnarmeðlimur stefndu og annar tveggja framkvæmdastjóra h/f Íslenzks fisks, er að undanfögnu hafði rekið margrædda stöð, en stefnda hafði upphaflega ekki annað hlutverk en að eiga stöðina. Um miðjan nóvember var svo þriðji stjórnarmeðlimur stefndu, Ármann Jakobsson héraðsdómslögmaður, kallaður fyrir sakadóm í sama tilefni.

Í framburði þessara aðilja kom eftirfarandi fram til viðbótar því, er áður greinir:

Vigfús bar, að stefnda hefði þá um vorið keypt umrædda stöð með öllu, er heyrði til rekstrar síldarsöltunar, en leigt eignina systurfyrirtæki því, er áður en nefnt, en Vigfús er einnig stjórnarformaður og annar tveggja framkvæmdastjóra þess. Fullkunnugt kvað Vigfúsi sér hafa verið um kaup- og starfrækslusamninginn (enda þá þegar þinglýstur). Hafi hann og þá þegar gengið úr skugga um, að hann væri úr gildi fallinn (þ. e. sem samningur) skv. ákvæðum sínum, þegar stefnandi færði stefnda Jóni til skuldar fé það, kr. 21 þús. rúmar, sem stefnandi samkvæmt samningnum hafði lagt fram sem hluta af kaupverðinu til greiðslu ýmissa áfallinna gjalda vegna stöðvarinnar (sbr. færslu á dskj. nr. 9: „1953 Apr. 23. An. gr. Útv. Ísl. (sic) Sigluf., 21.136.00“). Þá hafi stefnandi og tekið að sér greiðslu helmings skuldanna við Útvegsbankann á Siglufirði, eða kr. 75.000.00, en Vigfús hafi þegar gengið úr skugga um, að sá liður greiðsluskyldu stefnanda samkv. samningnum hafði heldur aldrei verið efndur (sbr. enn fremur dskj. nr. 8 og nr. 19). Þá hafi stefndi Jón við gerð kaupsamnings stefnda Jóns og stefndu um stöðina, er var undanfari afsalsins til stefndu, skýrt Vigfúsi frá því, að samningurinn hafi fallið úr gildi á eðlilegan hátt eftir eigin ákvæðum, eins og áður

segir, enda hafi afsal aldrei verið útgefið samkvæmt honum. Taldi þessi forsvarsmaður stefndu því eigi þurfa frekar vitnanna við um löglega og skilorðslausa eignarheimild stefnda Jóns að allri stöðinni allar götur frá því löngu fyrir 9. apríl 1953 (útgð. samkv. dskj. nr. 3) og fram að útgáfu afsalsins, 22. 6. 1961, með því að margræddur samningur hafi aldrei gengið í gildi sem eignarréttaryfirfærsla, þveröfugt við samninga hinna stefndu í málinu, er leiddu til útgáfu afsalsins (dskj. nr. 4), og auk þess endanlega samninga um yfirfærslu eignanna til hins stefnda firma hinn 1. 7. 1961 (en þeir samningar voru aldrei lagðir fram). Þá hafði stefndi Jón ritað með eigin hendi yfirlýsingu um ógildi samningsins frá 1953 á kaupsamninginn við Silfurborgu, en sú yfirlýsing sé felld inn í megimál afsalsins, dskj. nr. 4. Loks hafi Vigfús svo haft undirskriftir Jóns Árnasonar og Júlíusar Þórðarsonar, fyrirsvarsmanna stefnanda og kærða í sakadómsmálinu, á dskj. nr. 10 og 11, er greindu stefnda Jón sem eiganda stöðvarinnar.

Þá lagði Vigfús fram (rskj. nr. 8 í sakadómsmálinu) endurrit af reikningi stefnda Jóns til stefnanda, er nær yfir sama tímabil og viðskiptareikningur stefnda við stefnanda á dskj. nr. 9 (sbr. dskj. nr. 12, bls. 7), er tekur að vísu til þrengra sviðs, að því er virðist, þar telur stefndi Jón stefnanda, h/f Ásmund, skulda sér pr. 1/4 1958 kr. 46.812.65, en stefnandi telur samkv. dskj. nr. 9 hins vegar, að Jón skuldi pr. 13/11 1958 kr. 71.869.30. Á síðara stigi máls þess, sem hér er til dómsúrlausnar, hefur lögmaður beggja stefndu þó viðurkennt, sem síðar kemur að, að skuldaskil þessara aðilja verði ekki útkljáð í þessu máli.

Þá benti þessi talsmaður á, að því er virðist til að sýna fram á pro forma eðli samningsins frá 1953, að þar væri ekki getið tveggja veðskulda, kr. 300.000.00 og kr. 76.000.00, útg. til stefnanda, sem þó hafi verið þinglýst nær 1½ ári áður.

Að öllu þessu athuguðu kveðst talsmaður aldrei hafa sinnt fyrirsjáanlegri athugasemd á afsalið til stefndu, er hann vissi, hvernig allt var í pottinn búið. Þar á móti hafi fyrirsvarsmenn stefnanda verið fullkomlega mala fide, er þeir þinglýstu hinum gamla samningi og fengu síðan lán með 4. veðrétti í eigninni og ollu þar með stefndu Silfurborgu áðurtöldu fjárhagstjóni og óþægindum, en mætti upplýsti nú, að Útvegsbankinn hefði gefið loforð um lán út á 975 þúsund króna bréfið (m. a. til niðurgreiðslu annarra lána), en áður hafi þegar verið fest mikið fé með beinum

fjárframlögum og skuldbindingum til endurbyggingar á stöðinni, er hætta varð við, vegna þess að lánið var nú ófáanlegt eftir þinglýsingu 600 þúsund króna bréfsins. Hin síðastgreinda staðhæfing hefur hvorki verið staðfest né vefngd. Á þessu stigi krafðist talsmaðurinn fyrst formlega, að hinir seku framkvæmdastjórar og stjórnarmeðlimir h/f Ásmundar yrðu sóttir til saka og þeim refsað fyrir athæfi sitt, sem hann nefndi hið „skuggalega atferli þeirra, unnið í vondri trú“.

Þá tilkynnti Vigfús, að hann undirbyggi nú málshöfðun til ógildingar umræddri veðsetningu stefnanda, þar sem jafnframt yrði skorið úr með dómi um eignarrétt að stöðinni allri. Til þessarar málssóknar kom þó eigi, þar eð stefnandi höfðaði einkamál sitt um sömu úrlausnarefni, áður en ofangreindri sakadómsrannsókn lauk.

Í framburði Árna Jóhanns Friðjónssonar, bróður Vigfúsar, kom ekkert nýtt fram, en hann lagði höfuðáherzlu á framgang refsikröfunnar.

Í framburði Ármanns Jakobssonar upplýstist, að „atferli“ forsvarsmanna stefnanda hefði leitt til þess, að Landsbanki Íslands hefði krafizt nauðungaruppboðs á margræddri stöð, en þá kröfu hafði dómari máls þessa, er jafnframt er dómari sakadómsmálsins og uppboðsráðandi, rétt áður tilkynnt forsvarsmönnum Silfurborgar. Bar þessa staðhæfingu svo að skilja, að þar eð bankinn krafðist uppboðsins á grundvelli veðskuldabréfa stefnda Jóns til stefnanda, sem bankinn hafði að handveði, bæri að rekja þá handhöfn til margræddrar veðsetningar stefnanda, og að í annan stað stöfuðu óvænt vanskil að rýrnaðri greiðslugetu Silfurborgar, er Útvegsbankalánið brást, einnig af sömu rótum. Frumrit skjala þessara voru lögð fram sem dómsskj. nr. 14 og 15, og bera þau með sér, að Hjaltalínssstöð var upphaflega aukaveð með gömlum línuveiðara, e/s Ólafi Bjarnasyni, en skip þetta hafði stefnandi selt stefnda Jóni, er gaf bréfið út til tryggingar greiðslu kaupverðs (sbr. dskj. nr. 17 og 18).

Er hér var komið, þótti óhjákvæmilegt, að tekin yrði vitna-skýrsla af Jóni Hjaltalín, og hvíldi rannsóknin um sinn vegna veikinda Jóns, eða fram í miðjan desember, er hann loks varð yfirheyrður á heimili sínu.

Jón skýrði þá frá í meginatriðum á þessa leið:

Í fyrsta lagi kvað hann aldrei nokkurn vafa hafa á því leikið, að „kaupsamningurinn“ frá 1954 hefði verið hreinn málamynda-

samningur, gerður í þeim tilgangi einum að bjarga stöðinni frá uppboði, en h/f Ásmundur hefði þá átt í stöðinni kr. 376.000.00, er væntanlega hefði tapast að mestu, ef til uppboðs hefði komið.

Í öðru lagi benti Jón á, að ekki einasta þær kr. 21.000.00, sem um getur í kaup- og starfrækslusamningnum, heldur og vextir af þeirri upphæð hafi jafnan verið taldir sér til skuldar af h/f Ásmundi (sbr. færslur á dskj. nr. 9). Stefndi Jón kvað í réttarhaldi þessu Jón Árnason, forsvarsmann stefnanda, hafa sagt, er stefndi benti honum á, að í kaup- og starfrækslusamningnum væri ekki minnst á veð h/f Ásmundar í stöðinni, „að það gerði ekkert til, þar eð þeir (Ásmundur h/f) ættu veðréttinn sjálfir“. Þá hafi hann talið þarflaust að þinglýsa samningnum, hann mætti endurnýja árlega, unz viðskipti þeirra stefnanda og stefnda Jóns væru endanlega uppgerð, en *aldrei* hafi það verið ætlunin, að stefnandi yrði *raunverulegur eigandi* skv. samningnum.

Eigi skýrði stefndi Jón frekar en að ofan greinir (um uppboð), hver hafi verið tilgangurinn með „málamyndasamningnum“ né hvort tilætlunin hafi verið stofnun einhvers konar hlutbundinna réttinda eða ekki.

Þá lagði stefndi Jón fram (sem rskj. nr. 10 í sakadómsmálinu) símskeyti frá lögmanni stefnanda, dags. 30. 11. '61, þar sem Jón persónulega er krafinn um viðskiptaskuld við h/f Ásmund að fjárhæð kr. 63.164.12 og nokkuð, sem kallað er í skeytinu skuld „vegna söltunarstöðvar að hálfu, kr. 29.992.00“, auk vaxta og innheimtukostnaðar (sbr. rskj. nr. 12, bls. 13). Stefndi Jón tók og fram, að viðskipta- eða yfirlitsreikningurinn, dskj. nr. 9, hefði ekki verið sendur sér, fyrr en árið 1958 og enginn slíkur samningur áður.

Þá benti Jón á, að á dskj. nr. 9 (í máli þessu) sé ein færsla frá 1955: „Apríl I 3 ávísun á Landsbankann ... 5.000.00“. Þar sé um að ræða greiðslu vaxta af veðskuldum við Útvegsbankann (kr. 150.000.00). Benti Jón á, að nefnd greiðsla, sem stefnandi innti af höndum fyrir stefnda, sé sér færð til skuldar á reikningnum *að fullu*, en eigi að hálfu. Þessari staðhæfingu var síðan ekki svarað beint af stefnanda hálfu, en sagt, að Jón B. Hjaltalín hefði bókhaldið fyrir Hjaltalínsstöð og væri framkvæmdaratriði af Jóns hálfu að færa stefnanda til skuldar fjárhæðir, er stefnandi krefur stöðina um, og vísar í því sambandi til vaxta-greiðslu þessarar, kr. 5.000.00, en gætir þess eigi, að hér ræðir um yfirlitsreikning skv. bókum stefnanda, en eigi stöðvarinnar.

Stefndi Jón benti við yfirheyrslu þessa á aðra færslu frá s. á.:

„Maí 3. I. v/Ól. Ragnars (sic) ... 10.000.00“. Hér sé um að ræða greiðslu, er stefnda sé talin til skuldar *að fullu*, og sé hér um að ræða greiðslu á timbri, er fór til stöðvarinnar *sjálfrar* árið 1954, en allar greiðslur, er inntar voru af höndum vegna rekstrar stöðvarinnar þessi ár, séu taldar sér til *skuldar aðeins að hálfu*, enda hafi stefnandi og stefndi rekið stöðina í helmingafélagi árin 1953—54 og 1954—55. Þessum staðhæfingum hafa forsvarsmenn stefnda ekki mótmælt sérstaklega og eigi því, er stefndi því næst hélt fram, að þessi ár hefði stöðin verið rekin á grundvelli kaup- og starfrækslusamningsins, dskj. nr. 3 (þ. e. væntanl. starfræksluákvæðisins), heldur fremur þvert á móti staðfest þessi ummæli með því að ítreka, að samningurinn hafi ekki verið orðinn „virkur“, „strax“ (þ. e. væntanlega kaupákvæðið).

Næstu ár, þ. e. a. m. k. árin 1955—56 og 1956—57, virðist stefndi Jón reka stöðina í venjulegu helmingafélagi við áður-nefndan Björn Þórðarson. Ekki sést, að stefndi hafi þar komið við sögu, en skjöl varðandi rekstur þessara ára hafa ekki verið lögð fram. Gegn þessum staðhæfingum hefur stefnandi einungis fært fram þá staðhæfingu, „að stöðin hafi frá árinu 1954 verið rekin og ráðstafað í samráði við kærða öll árin“.

Þá var stöðin árin 1957—58, 1958—59 og 1959—60 rekin af fjórðungafélagi stefnda Jóns, stefnanda og aðilja þeirra, er greindi í sambandi við dskj. nr. 10, er stefndi þarna staðhæfði ómótmælt, að væru einungis sýnishorn varðandi reksturinn öll þessi ár. Starfsárið 1960—61 verður sú breyting ein að formi (sbr. áður), að nýr aðili kemur inn í stað margnefnds Björns Þórðarsonar (sbr. dskj. nr. 11). Árið 1961—62 er stöðin síðan rekin af Íslenzkum fiski h/f í umboði h/f Silfurborgar, svo sem fram er komið að nokkru, og hefur verið svo síðan.

Þá er bókað eftir stefnda Jóni, að vorið 1961, nánar tiltekið snemma í júní, hafi Jón Árnason f. h. h/f Ásmundar hringt í stefnda og spurt, hvort hann teldi ekki, að stefnandi „ætti fyrir því“ að fá stöðina leigða eitt sumar og átti að sjálfsögðu við sumarvertíðina 1961. Hafi stefndi tekið hér vel í, „ef þeir greiddu góða leigu“. Hafi af Jóns hálfu Árnasonar verið talið litlu skipta um leiguna („aukaatriði“), enda gengu skuldir stefnda upp í hana. Lýsti stefndi síðan í löngu máli, hversu gefnir höfðu verið frestir og ákveðnum samningaumleitunum af hálfu stefnanda, unz öllu var lokið og stöðin seld, enda stóð stefndi á sama tíma í samningum við Vigfús Friðjónsson f. h. hins stefnda hlutafélags

um kaup á eigninni. Ítrekaði stefndi hins vegar, að Jón alþm. Árnason hafi þarna rætt um mögulega leigu við stefnda sem einkaeiganda stöðvarinnar og að um hafi verið að ræða, að stefnandi fengi alla stöðina á leigu.

Þessum síðastgreindu frásögnum var síðan ekki mótmælt að öðru en því, að forsvarsmenn stefnanda héldu hér sem jafnan því fram, að átt hefði verið við „hlut Jóns í stöðinni“.

Að lokinni yfirheyrslu yfir stefnda var tekið endurrit af rannsókninni og því lokið rétt fyrir jól og rannsóknin síðan send til Akraness hinn 28. desember 1961 til skýrslutöku af kærðu, forsvarsmönnum stefnanda. Þau próf fóru fram hinn 12. og 13. janúar n. á. og endurrit tekið í mánaðarlok og málið endursent eftir miðjan febrúar með fskj., en síðasta þinghald í sakadómsmálinu fór fram hinn 5. marz s. á., er fram voru lögð framangreind endurrit, framlagt sem dskj. nr. 13 í þessu máli, og greinargerð, undirrituð f. h. Ásmundar af Jóni Árnasyni (sbr. óstaðf. samrit dskj. nr. 6).

Í millitíðinni, eða með stefnu, útgefinni og birtri sem áður greinir, er svo mál það, er hér er til úrlausnar, höfðað, og var það þingfest hinn 14. desember 1961. Í síðasta þinghaldi sakadómsmálsins er þess og getið, að umþrættar eignir hafi verið auglýstar til nauðungarsölu á opinberu uppboði hinn 14. apríl 1962. Uppboð þetta var síðan enn auglýst í blöðum og útvarpi.

Runnu nú ágreiningsmál aðilja þannig um skeið í 3 farvegum. Hvarf stefnda Silfurborg þó síðan frá því að freista þess að láta uppboðsrétt skera úr um hér greind ágreiningsefni. Varð úr, að stefnda greiddi upp veðskuldabréfin, upphaflega útgefin til stefnanda, fékk þeim aflýst, svo sem bréfin, dskj. nr. 14 og 15 m. fskj., bera með sér, og var uppboðið síðan hafið hinn 5. maí s. á. að undangenginni afturköllun.

Sakadómsmálinu hafði og verið lokið nokkru áður (eða hinn 31. marz), svo að það var fellt niður, eftir að saksóknari ríkisins hafði lýst því yfir, að af ákærvaldsins hálfu væri eigi krafizt frekari aðgerða í málinu. Síðan hafa lögskipti aðilja einungis verið rekin fyrir einum dómstóli.

Við áðurgreindar yfirheyrslur fyrir sakadómi Akraness kom eftirfarandi fram auk þess, sem áður er getið, af hálfu kærðu, þ. e. forsvarsmanna stefnanda í máli þessu.

Jón Ágúst Árnason kvað, „að allir bankastjórar Landsbankans hafi vítað um, að Jón Hjaltalín seldi Silfurborgu h/f á Siglu-

firði umræddar eignir“. Hafi þeir og fengið „afrit af kaup- og starfrækslusamningi á dskj. nr. 3“ (dskj. nr. 3 einnig í þessu máli).

Hélt þessi forsvarsmaður stefnanda því og fram við þetta tæki-færi, að kaup- og starfrækslusamningurinn væri í fullu gildi sem afsal fyrir umræddri eign.

Varðandi færsluna á kr. 21.136.00 (dskj. nr. 9) bar forsvarsmaðurinn, að stefndu hafi „með því“ „verið haldin opin leið til að fá á ný eignaryfirráð yfir eigninni, ef Ásmundi h/f sýndist svo“. Kallaði forsvarsmaðurinn það aðeins hafa verið „framkvæmdaratriði“ að færa umrædda skuld stefnda sem greiðslu til stefnanda, „en jafnskjótt væri Ásmundur h/f orðinn eigandi að hálfri eigninni“ ... „að öllu formi til“. „Hins vegar lægi það ljóst fyrir, að þar sem Jón ekki greiddi umsamda upphæð fyrir áramótin 1953—1954, hafi Ásmundur h/f alla tíð síðan verið raunverulegur eigandi“.

Mótmælti hann og, að um málamyndagerning hefði verið að ræða.

Á sama hátt og áður greinir um færslu 21 þús. krónanna til skuldar í bókum stefnanda viðurkenndi forsvarsmaðurinn og, að vextir af þeirri fjárhæð hefðu verið færðir að fullu stefnda til skuldar. Var það útskýrt með því, „að Jóni var þannig haldin opin leið til að greiða“.

Hann viðurkenndi og að hafa viðhaft þau ummæli, „að það gerði ekkert til, þar eð þeir ættu veðréttinn sjálfir“. Þetta útskýrði forsvarsmaðurinn svo að merkti: „að þó að veðið hvíldi á allri stöðinni“, „þar sem það kæmi niður á Ásmundi h/f, ef sá hluti stöðvarinnar, sem Jón Hjaltalín ætti áfram, reyndist ekki fullnægjandi trygging fyrir veðskuldabréfinu“ (sic), en tilvitnuð ummæli stefnda höfðu þó einungis hnigið að því að benda á, að tilteknir veðréttir væru ekki nefndir í tilteknum samningi.

Forsvarsmaðurinn kvað það ávallt hafa verið „á valdi Ásmundar h/f“ frá 1953—54 „að fella samninginn úr gildi“ „eða þinglýsa honum sem eignarheimild“.

Þá var og mótmælt, að eigi hefði verið ætlunin, að stefnandi yrði raunverulegur eigandi stöðvarinnar. Hann fullyrti, að umræddar kr. 21.000.00 væru eigi innifaldar í kröfu lögmanns stefnanda, Gunnars Þorsteinssonar hæstaréttarlögmanns (bls. 13 í dskj. nr. 12), en þar greindar fjárhæðir hafa síðan aldrei verið sundurliðaðar. Hann rökstuddi þessa yfirlýsingu svo: „enda hafi

samningurinn þá verið orðinn virkur sem eignarheimild“. Eigi útskýrði forsvarsmaður þessi frekar, hvað átt væri við með orðinu „virkur“.

Þá tekur hann fram, að stefnandi hafi í bókhaldi sínu „fært stöðina upp“ „sérstaklega frá árinu 1960“, en áður hafi „hluti af kaupverði stöðvarinnar verið á sérstökum viðskiptareikningi“, án þess að útskýra raunhæfa merkingu hinna tilvitnuðu orða né setningu þessa í heild.

Í framburði stjórnarformanns stefnanda, Ólafs Frímanns Sigurðssonar, kom ekkert nýtt fram, en hann kvað umrædda veðsetningu hafa verið framkvæmda af Jóni Árnasyni með fullu samþykki sínu.

Í framburði þriðja stjórnarmeðlims stefnanda kom einnig fram, að honum hefði um veðsetninguna verið kunnugt og hún framkvæmd með samþykki hans.

Þessi fulltrúi stefnanda sagði síðan, að „með því að færa Jóni Hjaltalín á sínum tíma kr. 21.000.00 til skuldar“ hafi stefnandi „verið að gefa honum möguleika til að rétta við“ „og kaupa stöðina að nýju“. Síðan segir, að þar sem stefndi hafi ekki getað fullnægt því ákvæði að greiða kr. 21.000.00, „ákvaðst loks með stjórn Ásmundar h/f“ — „að láta samninginn taka gildi sem eignarheimild fyrir Ásmund h/f“.

Orðin „eigandi Hjaltalínsstöðvarinnar“ aftan við nafn stefnda, m. a. á dskj. nr. 11, er undirritað var af Júlíusi sjálfum f. h. stefnanda, útskýrir hann svo, „að það sé með sama fyrirvara og ávallt“, „b. e. fyrirvara skv. 3. gr. samnings ...“.

Þessi fulltrúi stefnanda staðhæfði síðan, að stefnandi hefði um áráð séð Hjaltalínsstöð fyrir skipum og verkafólki og hafi þessi viðleitni miðað að því að gera stefnda kleift að standa við skuldbindingar sínar gagnvart stefnanda, „og enn fremur kom Ásmundur h/f með þessu fram sameigandi“ (sic).

Allir óskuðu þessir fulltrúar stefnanda eftir að fá að leggja fram greinargerð. Greinargerð þessi, dags. 9. 2. '62, undirrituð af Jóni Árnasyni, var síðan lögð fram í sakadómsmálinu, svo sem greint hefur verið, en óstaðfest samrit hennar liggur frammi í máli þessu, þingmerkt nr. 6. Þá var síðar í þessu máli lögð fram eins konar viðbótargreinargerð (auk hinnar eiginlegu greinargerðar lögmanns), sem tekin var gild af dómaranum svo sem aðiljaskýrsla væri og þingmerkt nr. 18, og var skjal þetta, dags. 29. 8. '62, undirritað af nefndum Jóni og Júlíusi „pr. pr.

Ásmundur h.f.“, ritað í formi einkabréfs, til þáv. lögmanns stefnanda, Gunnars Þorsteinssonar hæstaréttarlögmanns. Skjal þetta hefur þó aldrei verið staðfest fyrir dómi sem aðiljaskýrsla.

Þá þykir rétt að rekja um sinn gang máls þessa (þ. e. aðalmálsins) hér fyrir dómi.

Við þingfestingu var einungis lagt fram eitt skjal, stefnan, og er efni hennar áður rakið.

Á dómþingi hinn 1. marz 1962 er síðan lögð fram auk annarra skjala greinargerð af hálfu lögmanns stefnanda (dskj. nr. 2).

Þar er þeirri skoðun haldið fram, að í dskj. nr. 4 (afsalinu til Silfurborgar) „felist aðeins vilji Jóns B. Hjaltalíns til þess að selja og afsala þeim réttindum einum, sem hann raunverulega eigi til (sic), hinna afsöluðu eigna, þ. e. aðeins hálfum eignunum“. Í greinargerð talar lögmaður í lítilsvirðandi tón um kæru forráðamanna hins stefnda hlutafélags, er hann telur halda rétti sínum til eignanna allra „á lofti með íburðarmiklum hætti“ og nefnir sakadómsskærana ógeðfelldan áburð, er svarað sé að nokkru í dskj. nr. 6 (þ. e. sakadómsgreinargerð kærðu, þ. e. stefnanda).

Í síðastnefndu dómsskjali eru því gerðir skórnir, að forráðamenn hins stefnda hafi með kærugerðinni unnið til víta eða þyngri ábyrgðar, en slík krafa hefur eigi verið formlega fram sett í málinu sjálfu og kemur því eigi til álita.

Auk annarra skjala, er áður er gerð grein fyrir, var þennan dag lagt fram óstaðfest afrit af símskeyti (dskj. nr. 5), þar sem lögmaður stefnanda mótmælir formlega sölunni til Silfurborgar h/f. Símskeyti þetta, sem dags. er 30. nóv. 1961, (en efni þess og dags. hefur eigi verið mótmælt) felur í sér fyrstu mótmælin, sem kunn eru gegn greindri sölu. Í greinargerð stefndu (dskj. nr. 17) er því haldið fram, að stefnanda hafi þegar eftir söluna, 22. júní 1961, orðið um hana kunnugt, en þeirri staðhæfingu er mótmælt sem rangri í „aðiljaskýrslu“, dskj. nr. 18.

Í „sakadómsgreinargerðinni“, dskj. nr. 6, eru ítrekuð ýmis atriði, er fram komu í prófun sakadómsmálsins, en til viðbótar koma m. a. eftirfarandi röksemdarfærslur:

Hér er því haldið fram m. a., að kaup- og starfrækslusamningurinn feli í sér skýlausa „söluráðstöfun og eignarafsalsgerð“, „eigi verði breytt“, nema til komi „tilskyldar (sic) og áritaðar viljayfirlýsingar beggja samningsaðilja . .“.

Í annan stað er því haldið fram, að orðalagið „heimilast“ í 3. tl. dskj. nr. 3 feli í sér „óvenjulegt hagræðisatriði og fríðindi“ til handa seljanda (stefnda Jóni), en jafnframt sé heimildin

tímatakmörkuð. Til rýmkunar á endurgreiðsluréttinum eða framlengingu hans í tíma þurfi að koma skýlaust samþykki ábyrgra forráðamanna stefnanda. Gefið er í skyn, að margnefndur frestur á dskj. nr. 9 sé „bókfærsla“ eða „færsluvanræksla“ starfsmanns stefnanda. Vanræksla þessi gat eigi haft áhrif í málinu, en á hinn bóginn hafði stefndi Jón aldrei „skriflega né munnlega“ farið þess á leit, að endurgreiðsluréttur hans yrði framlengdur eða rýmkaður. Einhliða hafi stefnandi hins vegar haft á valdi sínu að veita lengri eða rýmri frest til þess arna og á sama hátt einhliða „hætt við (sic) halda seljanda þannig opinni leið til að eignast margnefnda eign aftur“. Sé því skilningur stefnanda „ákveðinn og óhagganlegur“, að samningurinn frá 1953 „sé enn og hafi alltaf verið í fullu gildi“, enda stefndi „hvorki greitt né boðið fram margnefnda endurgreiðslu með vöxtum og kostnaði...“. Því hafi ekki til þess komið, „að við höfum verið beðnir um að endurafsala til J. B. H. umræddri hálfri eign okkar“.

Annað efni dskj. þessa er ýmist bein endurtekning fyrri atriða ellegar atriði, er lúta að sakadómsmálinu sem slíku og hafa eigi sjálfstætt gildi hér. Þó er á það bent, að yfirlýsing stefnda Jóns á dskj. nr. 4 um, að kaup- og starfrækslusamningurinn sé ekki lengur í gildi, sé órökstudd.

Á dómþingi hinn 28. júní 1962 leggur lögmaður stefndu fram sín fyrstu gögn. Auk sjö skjala, er áður hefur verið greint frá að meira eða minna leyti, lagði hann nú fram vottorð frá lögfræðingadeild Landsbanka Íslands, dags. 4. 5. 1962, þess efnis, að þann dag hafi stefnda Silfurborg greitt að fullu bæði 3. veðréttarbréfin í Hjaltalínsstöð (kr. 300.000.00 + 76.000.00 ásamt vöxtum, innheimtulaunum og málskostnaði (uppb.málið) með kr. 463.342.00 samtals) (dskj. nr. 16).

Lagði lögmaður svo að síðustu fram, þingmerktu nr. 17, greinargerð af hálfu stefndu. Þar er m. a. eftirfarandi rökstuðningur að finna:

Stefndu byggja rétt sinn og þar með sýknukröfu og málskostnaðar í málinu fyrst og fremst á því, að kaup- og starfrækslusamningurinn á dskj. nr. 3 sé ógildur málamyndasamningur.

Gerir lögmaður síðan þá grein fyrir kröfum: Í fyrsta lagi, að er stefnandi árið 1951 seldi stefnda Jóni línuveiðarann Ólaf Bjarnason, AK 57, er hafi verið gamalt skip og lélegt og mjög dýrt í rekstri, hafi stefndi, er greiddi kaupverðið m. a. með veðskuldabréfunum á dskj. nr. 14 og 15 og verið hafi áður „allvel efnum búinn“, brátt komið í fjárbrot. Hafi skipið síðan verið

selt nauðungarsölu og engin greiðsla komið upp í veðskuldirnar skv. dskj. nr. 14 og 15. Hafi veðréttirnir hvílt einvörðungu á Hjaltalínsreitum I og II, „stöðinni“ í máli þessu, sem upphaflega var aukaveð. Nú hafi árið 1952 verið lélegt sildarár fyrir Norðurlandi. Þetta hafi haft þau áhrif, að sildarsöltunarstöðvar, sem raunar aðrar fasteignir á Siglufirði, hafi veturinn á eftir verið lítt seljanlegar. Því hafi stefnandi í máli þessu talið lítt hyggilegt að láta þá um veturinn bjóða upp veðið Hjaltalínsstöð. Hafi því „eftir kröfu stefnanda“ hinn 9. apríl 1953 verið „gerður til málamynda kaup- og starfrækslusamningur“ — „um hálfa söltunarstöðina“ (sic). Hafi stefnandi talið hagsmunum sínum betur borgið með því að fresta uppboði. Stefndi Jón hafi hins vegar verið í algerum greiðsluvandræðum og því neyðzt til að „skrifa undir, hvað sem var“, til þess að forðast yfirvofandi gjaldþrot. Ætlunin hafi hins vegar aldrei verið, að hér væri um raunverulega eignayfirlærslu að ræða, enda upphæð kaupverðsins bersýnilega ákveðin af handahófi. Upphæðin sé (sbr. dskj. nr. 3) kr. 96.000.00. Gangverð slíkra stöðva á Siglufirði í dag sé hins vegar 2—3 millj. kr., eða $\frac{1}{2}$ stöðin þá u. þ. b. kr. 1—1 $\frac{1}{2}$ milljón. Þrátt fyrir almennar verðhækkanir á þessum 9 árum (grg. dskj. nr. 17 er dags. 6. 6. '62) sé þó augljóst, að framangreint verð sé „fjarri öllu skynsamlegu viti“.

Með þessu telur lögmaður sig hafa sýnt fram á, að samningurinn, dskj. nr. 3, sé málamyndasamningur og skýrt tildrög samningar hans.

Í annan stað kveðst lögmaður telja samninginn *ógildan þegar af þeirri ástæðu, að hann sé bersýnilega málamyndasamningur.*

Í þriðja lagi sé ljóst, að verði samningurinn ekki metinn sem pro forma gerningur, sé augljóst, að stefnandi hafi „með því að krefjast samningsgerðarinnar notað sér fjárhagsvandræði“ stefnda Jóns „til þess að afla sér hagsmuna“ — „í bersýnilegu ósamræmi við endurgjald“, m. ö. o., að samningurinn sé ógildur vegna misneytingar.

Í fjórða lagi telur lögmaður stefndu, að „stefnandi hafi á margvislegan hátt viðurkennt“, að samningurinn hafi „ekki rauverulegt gildi“, og færir lögmaður síðan rök fyrir þessum skoðunum sínum í ellefu liðum:

Í fyrsta lagi sé í samningnum *ekkert ákvæði um afsal eða afhendingu eignarinnar.*

Í öðru lagi verði margnefnd 21 þús. kr. færsla, eða „kr. 21.136.00 pr. 27/4 1953, þ. e. útborgun sú, sem stefnandi innti af hendi

skv. 1. gr. samningsins á dskj. nr. 3“ (sbr. dskj. nr. 9), að skoðast sem yfirlýsing stefnanda um það, að Jón hafi endurgreitt umrædda fjárhæð árið 1953, enda hafi hann (stefndi) jafnan litið svo á og aldrei að honum hvarflað, að stefndi léti sér til hugar koma að gera kröfur um eignarrétt að stöðinni. Þá telur hann áðurræddar vaxtafærslur á dskj. nr. 9 styrkja þessa niðurstöðu.

Í þriðja lagi sýni samningurinn á dskj. nr. 5 og 6, að stefnandi hafi viðurkennt stefnda Jón réttan og löglegan eiganda *allrar* stöðvarinnar.

Í fjórða lagi sýni það atriði, að samningurinn á dskj. nr. 3 geti eigi bréfanna á dskj. nr. 14 og 15, sem þinglesin voru nær 1½ ári fyrir gerð samningsins, hið sama, þ. e. að stefnandi hafi viðurkennt, að samningurinn á dskj. nr. 3 hafi ekki haft raunverulegt gildi.

Í fimmta lagi hafi forkaupsréttur sá, er Siglufjarðarkaupstaður átti að stöðinni, ekki verið boðinn, enda hafi ekki verið um kauptilgang að ræða af stefnanda hálfu.

Hér tilkynnir lögmaður, að hann hafi tilkynnt forkaupsréttarhafa um málssóknina, ef hann kynni að óska eftir meðalgöngu sakar.

Hins vegar var í sakadómi Siglufjarðar hinn 30. október 1961 innfærð með bókun af hálfu dómarans yfirlýsing um, að Siglufjarðarkaupstað hafi fyrir sölu til Silfurborgar h/f verið boðinn forkaupsréttur, en hann þá afsalað sér rétti sínum skv. kvöð þessari, og að gögn þar að lútandi hafi verið sýnd, er afsalinu til Silfurborgar var þinglýst, enda engin athugasemd hér að lútandi gerði við þinglýsinguna. Endurrit úr sakadómsbók með bókun þessari liggur frammi í málinu sem dskj. nr. 12 (sjá bls. 8 a. n.).

Er því svo að sjá, að stefndu telji vanrækslu á boði forkaupsréttar því eiga að valda ógildi samningsins, dskj. nr. 3, eo ipso, með því að kvaðarafsalið hafi einungis haft gildi gagnvart sölu Silfurborgar h/f sem innanbæjarfyrirtækis.

Í sjötta lagi sé samningurinn þegar ógildur af þeirri ástæðu, að stefnandi, sem taka skyldi að sér að hálfu víxilskuldir (stefnda eða stöðvarinnar) við Útvegsbankann á Siglufirði, hafi þar aldrei nærri komið (síðan hann „lánaði Jóni áðurgreindar kr. 21.136.00“), en stefndi Jón hafi „frá upphafi“ séð einn um víxla þessa.

Í sjöunda lagi rökstyður lögmaður mál sitt með því, að Jón B. Hjaltalín hafi ávallt talið *alla söltunarstöðina fram* sem sína eign í skattframtölum. Fullyrti lögmaður síðan, að stefnandi hafi *aldrei talið hálfa stöðina fram* sem sína eign. Væri þessi full-

yrðing vefengd, væri þar með skorað á stefnanda að leggja fram tiltekin gögn, er sannað gætu hið gagnstæða.

Staðhæfing stefndu um, að stefndi Jón hafi talið stöðina alla fram sem sína eign allan umþrattaðan tíma er ómótmælt og óvefengt með öllu í málinu. Þá hafi forráðamenn stefnanda og viðurkennt, að rétt sé, að stefnandi hafi eigi talið stöðina hálfa fram (dskj. nr. 18, bls. 3, sbr. síðar).

Í áttunda lagi byggir lögmaður stefndu hér á því atriði, að stefnandi hafi aldrei krafist Jón B. Hjaltalín um afsal fyrir eigninni „fyrir en með þessari málssókn“, eða í 8 ár frá gerð kaupsamnings, og að látið hafi verið dragast í 7 ár að þinglýsa samningnum. Beri hér að sama brunni með upphaflegt mat stefnanda á gildi samningsins.

Í níunda lagi komi það atriði, að stefndi Jón hafi alla tíð annazt einn allt viðhald eignarinnar án þátttöku eða afskipta stefnanda.

Í tíunda lagi hljóti orð Jóns Árnasonar, framkvæmdastjóra stefnanda, fyrir sakadómi Akraness hinn 12/1 1962 (dskj. nr. 13, bls. 4) þess efnis, að samningurinn hafi ekki orðið „virkur“, fyrir en löngu eftir að hann var gerður, og orð Júlíusar Þórðarsonar framkvæmdastjóra fyrir sama dómi hinn 13 s. m. (sama skjal, bls. 6) þess efnis, að með samningnum hafi átt að gera stefnda Jóni kleift að „réttta við“, að skiljast sem játningar þess, að samningurinn hafi verið gerður til málamynda.

Loks getur (nr. 11) áður rakinnar og síðar mótmæltrar staðhæfingar um, að stefnanda hafi þegar orðið kunnugt um söluna til Silfurborgar, er hún fór fram, er lögmaður kveðst munu sanna. Þessi sönnun kom og aldrei fram.

Á dómþingi hinn 4. október 1962 er lagt fram af hálfu stefnanda skjal það, er áður hefur verið nefnt „viðbótargreinargerð“ eða aðiljaskýrsla, að formi til bréf til lögmanns stefnanda, en að efni til svar við greinargerð lögmanns stefndu.

Þar ítrekar stefnandi í upphafi mótmælin gegn pro forma eðli gerningsins, sem þó „gat“ „ekki orðið virkur fyrir en 31. des. 1953“, en síðan er tekið fram, að stefndi Jón hafi sótt mjög eftir því, að fá l/v Ólaf Bjarnason keyptan árið 1951, enda stefnanda með öllu óviðkomandi, þótt tap kunni að hafa orðið á rekstri skipsins, en kaupverðið að öllu leyti lánað stefnda og „engin trygging til greiðslu þess önnur en veð í söltunarstöð J. B. H. á Siglufirði“.

Þá er því mótmælt, að margræddur samningur frá 1953 hafi

verið gerður eftir kröfu stefnanda. Hafi samningurinn verið gerður af fúsum og frjálsum vilja beggja, og eigi er þess minnzt, að yfirvofandi nauðungarsala á stöðinni hafi haft áhrif á gerð hans. Telja forráðamenn stefnanda framkomna aðdróttun um „nauðung“ því tilefnislaus og mjög meiðandi, sem ástæða er til að krefja stefnda Jón sérstaklega sagna, en víta lögmann stefndu fyrir og jafnvel beita hann réttarfarssekt.

Síðastnefnd krafa, sem einungis kemur fram óljóst og óákveðið í ofanefndu plaggi, en er ekki tekin upp síðar á formlegan máta í málinu, þykir hins vegar ekki þess eðlis, að til úrlausnar komi í dómi.

Þá er bent á, að stefnandi hafi aldrei krafist stefnda um „skuldir hans við félagið“, sem hafi verið mun meiri, „en vegna kaupa á Ólafi Bjarnasyni og kr. 21 þúsund, sem var fyrsta greiðsla samn., dskj. nr. 3“, „hvorki með málssókn né á annan hátt (kröfu um sölu) ...“. Þetta eigi að sýna ljóslega, að stefnandi hafi á engan hátt viljað ganga hart að stefnda „á þessum erfiðu tímum hans“. Eigi er unnt að sjá af framhaldinu né á annan hátt, að setningar þessar beri að skilja á annan hátt en þann, að verið sé að mótmæla frekar „aðdróttun“ „um nauðung“.

Því er og mótmælt, að verðið, kr. 96.000.00, sé ekki eðlilegt og leitað raka í greinargerð stefndu sjálfra, þ. e. árið 1952 hafi verið lélegt síldarár og yfirleitt allar fasteignir á Siglufirði lítt seljanlegar veturinn eftir. Þannig er og ítrekað mótmælt misneytingaráburði stefndu, sem sagður er vera ósvífin „aðdróttun um óheiðarleika í viðskiptum“ og „rakalaus með öllu“.

Taka forsvarsmenn stefnanda síðan í aðiljaskýrslu þessari til við að ræða rökfærslu greinargerðar stefndu töluði fyrir töluði. Með því að hér er snert við mörgum þýðingarmestu efnis- og sönnunarpáttum málsins, þykir hlýða að gera grein fyrir þeim á svipaðan hátt og gert var við greinargerð, dskj. nr. 17.

Ad. 1. Stefnandi telur, að lokasetningin í 3. tl. dskj. nr. 3 jafngildi afsali og því óþarfi að hafa sérstakt ákvæði um afsal í samningnum, ef ekki sé um að kenna lögfræðilegri vanþekkingu aðilja.

Ad. 2. Stefnandi „fær ekki skilið, hvernig það á að sanna, að J. B. H. hafi greitt stefnanda kr. 21.136.00, þótt honum sé færð greind upphæð til skuldar“. Telur stefnandi rökfærslu þessa tl. sanna sitt mál, að svo miklu leyti sem hún sé ekki meiningarleysa.

Ad. 3. Viðurkennt, að stefndi Jón hafi haft *framkvæmdastjórn* stöðvarinnar allrar allt til 1961 með fullu samkomulagi við stefnda. Viðurkennt er, að einhverjir leigusamningar kunni að vera svo klaufalega gerðir, að þeir gefi til kynna, að stefndi hafi einn átt stöðina, en vefengt er, að slíkur klaufaskapur skapi stefnanda eignarrétt og mótmælt, að í þessu þurfi að felast viðurkenning af hálfu stefnanda á sjónarmiðum stefndu.

Ad. 4. Viðurkennt, að rétt sé hermt, að greindra verðbréfa sé ekki getið á dskj. nr. 3, en stefnandi telur sér í sjálfsveld sett „að rýra veð það, er tryggði þau um helming“, þar eð hann hafi átt greind bréf og þar með rétt til að ákveða, hvort hætta skyldi á, að „hluti skulda“ kynni að tapast af þessum ástæðum.

Ad. 5. Sagt, að það sé seljanda að sjá um að bjóða forkaupsréttarhöfum. Bæjaryfirvöld á Siglufirði hafi ekki gert athugasemd við „þinglýsingu eignarheimildarinnar“. Stefnandi mótmælir því, að sér verði kennt um „þessa yfirsjón J. B. H.“.

Ad. 6. Viðurkennt, að þar greind skuld við Útvegsbankann á Siglufirði muni enn í dag vera ógreidd. „Hafi vextir verið greiddir af skuldinni“, muni stefndi Jón hafa gert það „og þá væntanlega af hagnaði af rekstri söltunarstöðvarinnar“.

Ad. 7. Viðurkennt er, svo sem áður er greint, að stefnandi hafi ekki fært söltunarstöðina til eignar í bókhaldi né skattframtölum, „þar til að samningnum dskj. nr. 3 var þinglýst“, „eða þar til að við sáum, að J. B. H. ætlaði ekki að gera skuldaskil og uppfylla ákvæði 3. gr. samningsins þrátt fyrir mjög langan frest til þess“ (sic), en síðan tekið fram, að *skuldin hafi verið færð til eignar allan tímann*. Eigi verður á nokkurn hátt ráðið af sambandinu, hvort stefnandi þykist nokkurn tíma hafa fært stöðina sér til eignar á framtali og í því tilfelli frá hvaða tíma.

Ad. 8. Visað til svars ad 1, en því bætt við, að ætlunin hafi verið að *gefa stefnda kost á að greiða umræddar 21 þúsund krónur, eftir að fresturinn skv. dskj. nr. 3 var liðinn*, „en þar sem hann gerði það ekki og hefur aldrei imprað á því að fá stöðina aftur, létu eigendur loks á árinu 1960 verða af því að þinglýsa samningnum“.

Ad. 9. Staðhæfingu þessa tl. er mótmælt sem rangri með öllu. Meðal mótraka er notað, að stefnandi hafi í maí 1955 greitt Byggingavöruverzlun Ól. Ragnars, Siglufirði, kr. 10.000.00. Ekki er annað að sjá en að hér sé um að ræða sömu greiðslu (og færslu, sjá dskj. nr. 9), sem stefndi Jón Bjarnason Hjaltalín taldi fram og benti á máli sínu til stuðnings, að lögð hefði verið út af stefn-

anda og síðan talin stefnda til skuldar að fullu, sbr. dskj. nr. 12, bls. 12. Önnur mótrök ad. 9 eru einungis, að stefndi hafi ætíð haldið stöðinni við „í fullu samráði við stefnanda“ og hafi stefndi tilkynnt stefnanda, hvað aðhafzt hafi verið í því sambandi, en einnig megi vitna til 2. tl. í samningnum („um allan reksturskostnað“) (sic).

Ad. 10. Viðurkennd eru þar greind ummæli Júlíusar Þórðarsonar. Bendi kaupin og ákvæði 3. gr. samningsins (ef endurkaupin hefðu farið fram) í sömu átt, en stefndi hefði látið „tækifæri með öllu ónotað“. Mótmælt, að þetta geti sannað, að um málamynda-samning sé að ræða. Jafnframt því sem greind ummæli Jóns Árnasonar eru viðurkennd rétt eftir höfð (um að samningurinn hafi síðan orðið „virkur“), er mótmælt, að þau ummæli sanni heldur nokkuð í ofangreinda átt.

Þá er og ad. 10 bætt við þeirri skýringu á ummælum Júlíusar um að „réttu við“, að stefnandi hafi alla tíð útvegað sildveiðiskip og verkafólk til söltunar, „sem gaf J. B. H. aukna getu til þess að standa við nefndan samning og greiða aðrar skuldir stöðvarinnar“.

Loks er staðhæfingunni ad. 11 mótmælt, sbr. áður.

Ofangreindu dómsskjali mótmælti síðan lögmaður stefndu við framlagningu þess sem röngu og að engu hafandi, þar eð um væri að ræða nýja greinargerð, „eða öllu heldur sóknarskjal, samið af lögfræðingi“. Áskildi hann sér og rétt til að krefjast þess, að þeir, er að skjalinu stæðu, yrðu látnir staðfesta skýrslu sína fyrir dómi. Eigi mótmælti lögmaður hins vegar framlagningu skjalsins sem slíkri. Staðfesting skýrslunnar fór aldrei fram, en hún var undirrituð pr. pr. Ásmundur h/f af Júlíusi Þórðarsyni og Jóni Árnasyni.

Var nú þingað í málinu öðru hverju næsta vetur, en lítið skeði í þinghöldum þeim annað en ítrekaðar frestveitingar til gagnaöflunar og einkum borið við sjúkleika stefnda Jóns, en hins vegar nauðsyn aðiljaskýrslu af hans hendi. Áður hafði lögmanni stefndu ítrekað verið veittur frestur til framlagningar greinargerðar af sömu sökum. Á þessu tímabili brann við, að eigi var mætt í málinu af hálfu stefnanda, en það var þó eigi hafið vegna tilmæla gagnaðilja.

Hinn 15. ágúst staðfestir Jón B. Hjaltalín svo aðiljaskýrslu sína fyrir dómi, en hún var lögð fram þann sama dag sem dskj. nr. 20. Skýrslunni mótmælti umboðsmaður stefnanda „lið fyrir lið og í heild sem rangri“, en án frekari rökstuðnings.

Í aðiljaskýrslu sinni tekur stefndi Jón sérstaklega fram eða ítrekar þessi atriði:

I. Að það hafi verið ótvíræður vilji hans við undirritun afsalsins til meðstefndu að afsala allri eigninni, en eigi helmingi, en hins vegar talið sér skylt að geta um málamyndasamninginn við stefnanda frá 9. 4. 1953.

II. Að stefnandi hafi aldrei tekið að sér greiðslu víxlanna við Útvegsbankann á Siglufirði samkv. 1. gr. samningsins, en stefndi framlengt þá einn, unz stefnda Silfurborg tók við þeim.

III. Að við gerð leigusamninganna hafi stefndi komið fram sem einkaeigandi og enginn fyrirvari gerður af stefnanda hálfu um, að einungis væri verið að leigja hálfu stöðina og að stefnandi hafi rekið stöðina árin 1955 og 1956 í félagi við Björn Þórðarson án þess að afla sér nokkurs leyfis hjá stefnanda, sem hins vegar hafi að sjálfsgöðu verið hér um kunnugt, en engan fyrirvara gert þar á.

IV. Að er hann árin 1953 og 1954 rak stöðina í félagi við stefnanda (einan), hafi hluti stefnanda af framkvæmdastjóra-launum stefnda numið kr. 42.000.00, en eigi hafi hann krafið stefnanda um þá fjárhæð, með því að launin gengu til skulda-jafnaðar við kröfur stefnanda, þ. á m. marggreindar kr. 21 þúsund, enda ráð gert fyrir frekari viðskiptum við stefnanda.

V. Að rangt sé, að stefnandi hafi útvegað verkafólk og síld, nema þegar stefnandi var sjálfur aðili að söltun og sé það „venju-legur viðskiptamáti“.

VI. Að árið 1957, um vorið, hafi stefndi Jón ritað undir yfirlýsingu, samda af og eftir ósk Jóns Árnasonar, þess efnis, að stefndi lofaði að láta helming af leigu stöðvarinnar 1957 ganga upp í skuld sína við stefnanda. Afriti skjals þessa, sem m. a. sanni, að stefnandi viðurkenni stefnda sem einkaeiganda stöðvarinnar, hafi stefndi glatað, en frumritið hljóti að vera í vörzslum stefnanda. Frumrit þetta hafi ekki komið fram síðan í máli þessu né afritið.

Loks gerir stefndi grein fyrir sjúkleika sínum undanfarin 1—2 ár og langæum fjarvistum hans vegna og áhrifum þessa á allan drátt málsins.

Í sama þinghaldi er svo lagt fram (og þingmerkt nr. 19) vottorð frá Útvegsbanka Íslands, Siglufirði, þess efnis: I. Að eignin Hjaltalínsreitir I og II væri veðsett bankanum með 1. veðrétti skv. tryggingarbréfi, útgefnu 18/10 '45, til tryggingar víxli að fjárhæð kr. 70.000.00 og með 2. veðrétti skv. bréfi frá 12/9 '46

til tryggingar víxli að fjárhæð kr. 30.000.00 og með 3. veðrétti með bréfi frá 6/9 '47 vegna víxils, kr. 50.000.00, og II. Að greindir víxlar, upphaflega eigin víxlar, útgefnir af stefnda, hafi síðan verið framlengdir af honum afborgunarlaust, unz stefnda Silfurborg tók þá að sér og hafi hún framlengt þá síðan. Sé Silfurborg samþykkjandi víxlanna, sem séu útgefnir af Vigfúsi Friðjónssyni og ábektir auk hans af Árna Friðjónssyni.

Í sama þinghaldi var gagnaöflun lýst lokið og málið tekið til skriflegs flutnings.

Var stefnanda veittur frestur til sóknar til 17. október s. á. Þann dag var eigi mætt af hans hálfu, en málið þó eigi hafið vegna tilmæla stefndu og frestur veittur til 24. s. m. Þann dag lagði dómariinn ex officio fram símskeyti, dags. 19. s. m., þess efnis, að Benedikt hrl. Sigurjónsson hefði tekið við málinu af Gunnari Þorsteinssyni (dskj. nr. 21). Þá lét dómariinn bóka, að hinn nýi lögmaður stefnanda hefði haft samband við hann og skýrt svo frá, að með því að hann (lögmaður) hefði hinn 22. s. m. fallið á að taka við máli stefnanda, eftir að það hafði verið tekið úr höndum áðurnefnds lögmanns, og væri málinu með öllu ókunnur, væri sér nauðugur einn kostur að biðja um venjulegan viðbótarfrest, en sér skipaður sérstakur talsmaður, yrði frestsbeiðninni mótmælt, til úrskurðar.

Að yfirlýsingu þessari bókaðri lýsti lögmaður stefndu því yfir, að hann þættist búinn til að samþykkja umbeðinn frest vegna breyttra viðhorfa.

Sókn var síðan lögð fram hinn 21. nóvember 1963.

Vörn var lögð fram hinn 23. janúar s. l. að undangengnum framhaldsfresti.

Í reifun málsins við frumflutning komu ekki fram nýjar staðhæfingar um málsatvik, utan hvað stefnandi hélt því fram, að stefndi Jón hefði ekkert haft við þinglýsingu kaupsamningsins að athuga. Staðhæfingunni er mótmælt af stefndu sem rangri, enda hafi stefndi Jón hreyft athugasemdum, þegar er honum var hér um kunnugt, en eigi hafi verið gert aðvart um þinglýsingu þessa og hann því eigi getað komið í veg fyrir hana.

Stefnandi leggur síðan áherzlu á, að stefnda Silfurborg hafi verið „mala fide“ um tilvist kaupsamningsins, er duga muni til ógildingar afsalínu, en stefndu leggja áherzlu á, að stefnandi geti eigi gert hvort tveggja í senn að teljast eigandi $\frac{1}{2}$ eignarinnar og á sama tíma fært hluta kaupverðsins stefnda til skuldar.

Báðir viðurkenna aðiljar, að skuldaskipti stefnanda og stefnda

Jóns séu máli þessu óviðkomandi, enda þótt flutningur málsins snúist að miklu leyti um þann ás.

Í framhaldssókn, framlagðri hinn 6. febrúar s. l. að undan-genginni framhaldsfrestun, mótmælir stefnandi því, að stefndi Jón hafi „greitt þær kr. 21.136.00, sem um ræðir í kaupsamningnum, enda muni reikningar þeir, er stefndi vísar til, vera úr bókhaldi Jóns B. Hjaltalíns sjálfs“. Virðist stefnandi hér vísa til dskj. nr. 12, bls. 7, enda höfðu stefndu í frumsókn imprað á til-orðningu réttar stefnda Jóns til framkvæmdastjóra-launa. Þá and-mælti stefnandi hér þýðingu vangreiðslu stefnanda á frumskuld-um skv. 1.—3. veðrétti í fasteigninni og endurnýjun víxlanna, með því að stefnandi „átti þess ekki kost“ og „sá heldur enga ástæðu til ... meðan víxlarnir fengust framlengdir ... og hafði Jón ... ekkert við það að athuga“.

Lokaskjal málsins, dskj. nr. 25, framhaldsvörn, var svo lagt fram á bæjarþingi hinn 20. febrúar s. l., en málið dómtekið viku síðar.

Lagði lögmaður stefnda í lokavörninni höfuðáherzlu á báða þá þætti, er lögmaður stefnanda hafði mótmælt í lokasókn; að framkvæmdastjóra-laun stefnda hafi eðli samkvæmt hlotið að koma til skuldajafnaðar kröfum stefnanda, þ. m. t. umræddar kr. 21.136.00, að stefnda Jóni hafi verið færð upphæð þessi til skuldar í bókhaldi stefnanda sjálfs og að réttmæti launakrafna Jóns hafi aldrei verið mótmælt. Enn fremur, að stefndu hafi samanlagt greitt á 10 árum í vexti og framlengingarkostnað af margræddum víxlum um kr. 150.000.00, en þessa upphæð að hálfu, eða kr. 75.000.00, hafi stefnanda samkvæmt kaup- og starfrækslusamningnum borið að greiða, væri hann talinn gildur, en skyldu þessa hafi stefnandi vanefnt, eins og segir í frumsókn, jafnoft og víxlarnir eindöguðust, eða „alls ellefu sinnum“. Sér-staklega mótmælir lögmaður stefndu því, að stefnandi hafi ekki átt kost greiðslnanna, hefði þess verið óskað, en til þess hafi stefnandi aldrei boðizt. Loks viðurkennir lögmaður stefndu, að bæði stefnandi og stefndi Jón hefðu sýnt vitavert skeytingarleysi með því að láta fyrirfarast að gera upp viðskipti sín og væri van-ræksla þessi orsök og ástæða málaferla þessara. Aðrar staðhæf-ingar í framhaldsvörn eru þess eðlis, að eigi tjáir að rekja, með því að þeim varð eigi mótmælt. Þá var lögmanni stefnanda veittur sérstakur kostur á að gera einfalda, munnlega athugasemd við framhaldsvörnina fyrir milligöngu umboðsmanns, en hann lýsti

því yfir við dómtöku hinn 27. febrúar s. l., að hann hefði engar athugasemdir að gera.

Dómurinn lítur svo á, að skuldaskipti aðilja í máli þessu séu dómi í málinu óviðkomandi og verði að útkljást á öðrum vettvangi. Með því hins vegar hversu þau eru samofin sönnunarþáttum málsins, hefðu gleggri reikningsskil mátt liggja fyrir til skýringar höfuðatriðum.

Þá lítur dómurinn svo á, að forkaupsréttur Siglufjarðarkaupstaðar, sem eigi hefur gengið inn í málið, sé eigi lengur neitt höfuðatriði, enda þótt vera megi, að höfnun á neytingu réttarins gagnvart sölu til stefndu Silfurborgar geti ekki skapað nokkurn rétt í þá átt fyrir stefnanda, sem eigi hefur að heldur gert vara-kröfur til skaðabóta vegna hugsanlegrar vanheimildar.

Dómurinn lítur hins vegar svo á, að mál þetta snúist um það, hvort stefnandi hafi öðlzt þann rétt samkvæmt kaup- og starfrækslusamningnum, dskj. nr. 3, til ½ eignarinnar Hjaltalínsreitir I og II, að nægja megi til ógildingar afsalsins til stefndu Silfurborgar h/f (dskj. nr. 4) í heild sinni eða að því er tekur til hálfar eignarinnar.

Dómurinn fær aftur á móti ekki séð, að stefnanda hafi tekizt slík sönnun. Þvert á móti lítur dómurinn svo á, að stefndu hafi fært svo sterk rök að því, að kaupsamningurinn sé ógildur sem slíkur, að hann sé að engu hafandi til úrslita í máli þessu.

Framkoma beggja aðilja, stefnda Jóns B. Hjaltalíns og stefnanda, öll árin 1954—1960 virðist einungis styrkja staðhæfingar stefndu, en á engan hátt vera dómkröfum stefnanda til stuðnings.

Afsali hefur aldrei verið þinglýst skv. kaupsamningnum, og gögn málsins bera hvergi með sér, að slíkt afsal hafi nokkru sinni verið gefið út.

Sú staðreynd annars vegar, að kaupsamningurinn er skilyrtur, og að við þinglýsingu hans eru eigi lögð fram nein gögn til sönnunar því, að skilyrðin séu niður fallin, og hins vegar þær staðreyndir, að stefnandi hefur í viðskiptareikningi fært stefnda andvirðishluta þann, er greinir í 1. gr. dskj. nr. 3, til skuldar, að sannað er, að stefnandi hefur vanrækt það ákvæði samningsins að taka að sér greiðslu veðtryggðra víxilskulda stefnda Jóns við Útvegsbankann á Siglufirði, án þess að stefnandi hafi fært að því nokkrar líkur, að sér hafi verið ófært að inna þá skyldu af höndum af ástæðum, er stefnda Jón varðaði, hníga allar til sömu áttar um ógildi kaupsamningsins.

Þótt þinglýsing kaupsamnings veitti að vísu kaupanda aukna vernd gagnvart þriðja manni, skiptir það eigi máli hér, enda vissu kaupendur, stefnda Silfurborg h/f, viðsemjandi stefnda Jóns, um tilvist samningsins, sem auk þess að vera skilyrtur var allur óljós, og öll vitneskja stefndu Silfurborgar um framkomu stefnanda og stefnda Jóns öll greind ár, fram að og í Jóns tilfelli fram yfir þinglýsingu samningsins, gerði það að verkum, að þeir höfðu fulla ástæðu til að vera í góðri trú um óskerta ráðstöfunarheimild Jóns, en vangildi kaupsamningsins.

Hvergi er í málinu neitt, er bendir til, að stefnandi hafi nokkru sinni krafizt útgáfu afsals fyrir eigninni, og mátti honum þó vera ljóst, að kaupsamningurinn var lítt hæfur til þinglýsingar sem eignarafsal, eins og í pottinn var búíð, enda var samningnum einungis þinglýst sem kvöð, sbr. veðbókarvottorð (dskj. nr. 8) (en eigi sem eignarafsali). Óupplýst er með öllu, hvers vegna afsals var eigi krafizt, annað hvort eftir áramót 1953—54 eða í síðasta lagi, þegar stefnandi ákvað einhliða að gera samninginn „virkan“ sem eignarréttaryfirfærslu.

Því verður að telja, að mjög sterk rök hafi verið færð fyrir því, að stefnandi hafi látið meðferð stefnda Jóns á stöðinni að mestu óátalda og afskiptalaus, er stefnandi var sjálfur ekki aðili að söltun.

Stefnandi hefur m. a. lagt fram afrit af símskeyti (dskj. nr. 5) 30. nóv. 1961, þar sem sölunni er mótmælt og staðhæft, að fyrr en nefndan dag hafi hann ekkert um söluna vitað. Hins vegar kemur hvergi fram, að stefnandi hafi átalíð, skipt sér af eða yfir höfuð hreyft nokkrum athugasemdum við því, að hlutafélagið Íslenzkur fiskur, systurfyrirtæki h/f Silfurborgar, rak umþrætta stöð allt sumarið á undan, og verður þó að telja útilokað, að stefnandi hafi ekki um það vitað.

Það verður dómkröfum stefnanda eigi til styrktar, að dskj. nr. 10 og 11, sem ómótmælt eru sögð vera sýnishorn leigumála fleiri ára á tímabilinu eftir undirritun kaupsamningsins, en fyrir söluna til Silfurborgar h/f, bera með sér, að þar hafi stefnandi án fyrirvara ritað undir leigusamning, þar sem í standa m. a. orðin: „Ég Jón B. Hjaltalín, eigandi Hjaltalínsstöðvarinnar, sel þessum félagsskap á leigu síldarsöltunarstöðina ...“ o. s. frv.

Það er hins vegar mjög athyglisvert, að hinn síðari greindra samninga er undirritaður af stefnanda hinn 4. júlí 1960, eða eftir að kaupsamningnum var þinglýst.

Síðastgreind tvö atriði auk alls orðalags samningsins sjálfs

verða því mjög til að styrkja þær staðhæfingar stefndu, að samningurinn hafi frá upphafi verið málamyndagerningur. Þrátt fyrir þetta og þrátt fyrir bæði athafnaleysi stefnanda í þá átt að reka réttar síns skv. samningnum til afsals og „pro forma“-einkenni samningsins sjálfs þykir þó varhugavert að telja sannað, að svo hafi verið í upphafi.

Það virðist hins vegar ljóst og ótvírætt sannað, að stefnandi hefur í veigamiklum og mjög verulegum greinum vanefnt samninginn af sinni hálfu og að þær vanefndir hafi komið fram mjög fljótlega eftir undirritun hans, fyrst og fremst með því að vanrækja með öllu að taka að sér greiðslu víxilskulda þeirra, veðtryggðra í umþrætti eign, er að framan greinir. Þegar þessar vanefndir, sem telja verður þess eðlis, eins og allt var í pottinn búið, að samningurinn hafi verið óskuldbindandi fyrir stefnda Jón, jafnvel án formlegrar riftunar, eru skoðaðar í ljósi innri framkomu stefnanda, þ. á m. þess, að skuldfæra stefnda Jóni eftirstöðvar söluandvirðisins þegar fljótlega eftir samningsgerðina og síðan árum saman með vöxtum, svo og ytri framkoma hans, sbr. athafnaleysi og undirritun dskj. nr. 10 og 11, þykir mega fullljóst vera, að samningurinn er ekki þess eðlis, að hann veiti stefnanda nokkurn þann rétt hlutbundinn eða annars eðlis, er á megi byggja heimild til ógildingar afsali stefnda Jóns til þriðja manns árið 1961.

Þinglýsing téðs samnings getur engu breytt hér um, og því síður skapar stefnanda endurvakinn eða nýjan rétt einhliða ákvörðun hans um að láta samninginn verða „virkan“.

Þegar af greindum ástæðum þykir ástæðulaust að taka afstöðu til skuldajafnaðarréttar Jóns Hjaltalíns vegna framkvæmdastjórnarlauna gagnvart kröfum stefnanda né þýðingu þess, að viðskipti þessara aðilja urðu ekki gerð upp af ástæðum, sem samkvæmt eðli máls verður að telja stefnanda bera höfuðábyrgð á sem þess aðilja, er betri afstöðu hafði til reikningsskila.

Þá þykir eigi ástæða til að taka afstöðu til þýðingar þessa atriðis, þótt til sömu áttar hnígi og fullsannað þyki í málinu, að umrætt árábil taldi stefndi Jón Hjaltalín umrædda stöð alla sem sína eign í skattframtölum, en það gerði stefnandi hins vegar aldrei, að því er umþrættan helming varðaði.

Af framangreindum ástæðum má vera ljóst, að engin rök eru til að taka dómkröfur stefnanda í málinu til greina, og ber því að sýkna hina stefndu.

Vítakröfur og sekta hafa eigi verið hafðar uppi í málinu á þann hátt og í því formi, að til álita komi.

Eftir úrslitum málsins þykir bera að dæma stefndu málskostnað úr hendi stefnanda. Þykir málskostnaður með hliðsjón af áætluðu verðmæti hins umdeilda eignarhluta hæfilega ákveðinn kr. 20.000.00, og er þá tekið tillit til þess, að skeytingarleysi stefnda Jóns og heimildarmanns meðstefndu, Silfurborgar h/f, um uppgjör viðskipta átti sinn þátt í að gera málið flóknara en ella hefði þurft.

Áður hefur verið gerð grein fyrir drætti á málarekstri í sambandi við ítrekaðar frestveitingar til framlagningar greinargerðar og síðar aðiljaskýrslu o. fl. af hálfu stefndu, en hins vegar meintri framlagningu fleiri greinargerða, útivistum, fyrirvaralausum málflytjendaskiptum og drætti á málflutningi af hálfu stefnanda.

Dráttur sá, er orðið hefur á dómsuppsögu, stafar af öðrum þræði af óhemju önnum dómarans, er auk aðalstarfa síns var settur bæjarfógeti í fjarveru hins reglulega bæjarfógeta vegna setu á Alþingi, en í annan stað er mál þetta allumfangsmikið, flókið og illt viðureignar. Dráttur sá, er enn varð eftir þinglok, helgast af enn óviðráðanlegum önnum dómarans, er nú var jafnframt settur bæjarfógeti í öðru lögsagnarumdæmi.

Að öðru leyti hefur rekstur málsins verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Stefndu, Silfurborg h/f og Jón B. Hjaltalín, skulu sýknir vera af kröfum stefnanda í máli þessu.

Stefnandi, Ásmundur h/f, greiði stefndu sameiginlega kr. 20.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.